

Mánudaginn 20. desember 1990.

Nr. 461/1990. **Valur Blomsterberg**

gegn

**Hafðísi Alfreðsdóttur og
dómsmálaráðherra.**

Kærumál. Dómstólar. Stjórnssýsla. Meðlag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. nóvember 1990 samkvæmt heimild í b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að hinn kærði frávisunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann þess, að varnaraðilar verði dæmdir in solidum til að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Varnaraðilinn Hafðís Alfreðsdóttir gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði staðfestur. Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu dómsmálaráðherra er þess krafist, að öllum kröfum sóknaraðila fyrir Hæstarétti verði hrundið og að hinn kærði frávisunardómur verði staðfestur. Þá er krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir málsókn sína á því m.a., að í meðlagsúrskurði dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 sé fallist á ástæður varnaraðilans Hafðísar Alfreðsdóttur fyrir hækkuðu meðlagi með börnum þeirra. Sóknaraðili telur úrskurðinn reistan á efnislega röngum ástæðum.

Málsefni þetta verður borið undir dómstóla, sbr. H.1987,473. Ber því að fella hinn kærða héraðsdóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 19. október 1990, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri þann 4. apríl og 5. apríl 1990, af Val Blomsterberg, kt. 191159-3659, Sléttahrauni 32, Hafnarfirði, gegn Hafdísí Alfreðsdóttur, kt. 070760-2079, Iðufelli 2, Reykjavík, og dómsmálaráðherra, Óla Þ. Guðbjartssyni, kt. 270835-4229, Skólavöllum 7, Selfossi, dómsmálaráðuneytinu í Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. dómsmálaráðuneytisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni, Hafdísí Alfreðsdóttur, tvöfalt meðlag, eins og barnalífeyrir skv. lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, með hvoru barni þeirra fyrir sig frá 1. desember 1989 til 18 ára aldurs þeirra.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts af málskostnaði og til greiðslu dráttarvaxta af tildæmdum málskostnaði 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags skv. ákvæðum vaxtalaga.

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar með hliðsjón af meðferð málsins um formhlið þess ásamt virðisaukaskatti.

Stefnda Hafdís Alfreðsdóttir krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 verði staðfestur.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts og að dæmdur málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Vegna framkominnar frávisunarkröfu stefndu fór fram sérstakur málflutningur um formhlið málsins. Að honum loknum var málið tekið til dóms eða úrskurðar um formhlið þess.

Helstu málavextir eru þessir:

Stefnandi, Valur Blomsterberg, og stefnda Hafdís Alfreðsdóttir, gengu í hjónaband þann 9. júlí 1983. Þau eiga saman tvær dætur, Sigrúnu Birnu, fædda 2. september 1982, og Berglindi Svönu, fædda 30. janúar 1986. Haustið 1982 héldu hjónin til náms í Bandaríkjunum og luku þar námi í árslok 1986, hann í markaðsfræðum og hún í innanhússarkitektúr. Að

námi loknu héldu þau heim til Íslands og hófu búskap að Sléttahrauni 32 í Hafnarfirði.

Þann 17. júlí 1987 óskuðu þau eftir því við bæjarfógetann í Hafnarfirði, að þeim yrði veittur skilnaður að borði og sæng. Deilur voru með þeim hjónum um skiptingu eigna, forræði barna, meðlag og framfærslueyri.

Dómsmálaráðuneytið gaf út leyfisbréf til lögskilnaðar stefnanda og stefndu Hafðísar þann 12. október 1988. Ákveðið var, að konan skyldi hafa forræði barna þeirra hjóna og að maðurinn greiddi konunni meðlag með báðum börnunum, eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, frá útgáfudegi leyfisbréfsins að telja til fullnaðs 18 ára aldurs. Stefnandi og stefnda Hafðís luku búskiptum með samkomulagi fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar þann 17. október 1988.

Þann 11. nóvember 1988 ritaði stefnda Hafðís dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf, þar sem hún fór fram á það, að stefnanda yrði gert að greiða henni tvöfalt meðlag með börnum þeirra. Stefnda Hafðís rökstuddi kröfu sína aðallega með því, að verulegur munur væri á launum hennar og stefnanda. Stefnandi hefði og fengið í sinn hluta allar helstu eigur bús þeirra og byggi auk þess í leigulausu húsnæði. Stefnandi mótmælti þessum fullyrðingum stefndu Hafðísar sem röngum.

Dómsmálaráðuneytið kvað upp úrskurð þann 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða stefndu Hafðísi tvöfalt meðlag með hvoru barni þeirra um sig frá 1. desember 1989 til 18 ára aldurs þeirra.

Úrskurði þessum vill stefnandi ekki una og stefnir því fyrrverandi eigin konu sinni, Hafðísi Alfreðsdóttur, og dómsmálaráðherra, Óla Þ. Guðbjartssyni, fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins til að þola ógildingu á úrskurðinum.

Málsástæður og lagarök, er varða formhlið málsins.

Aðalkrafa stefndu Hafðísar er, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Kröfu sína um frávísun byggir stefnda Hafðís á því, að samkvæmt IV. kafla barnalaga nr. 9/1981, einkum 3. mgr. 16. gr., sbr. 24. gr., sé kveðið á um, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins sé fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags. Sakarefni þetta sé því með lögum skilið undan lögsögu dómstóla, og beri því að vísa því frá dómi skv. 66. gr. 1. nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Enn fremur byggir stefnda Hafðís á því, að kröfugerð stefnanda byggist eingöngu á því, að fjárhæð meðlags sé ákveðin of há í úrskurði dómsmálaráðuneytisins frá 17. júlí 1989 miðað við aðstæður og réttarvenju. Kröfugerð stefnanda byggi ekki á því, að málsmeðferð hafi að einhverju leyti verið ábótavant, né heldur, að ekki hafi verið gætt réttra formreglna við meðferð málsins. Stefndi sé einungis ósáttur við efnislega niðurstöðu úr-

skurðar dómsmálaráðuneytisins, þ.e. fjárhæð meðlagsins, og kveði hana andstæða áratuga-réttarvenju.

Stefnda Hafdis fullyrðir, að engin réttarvenja sé fyrir ákvörðun meðlags í samræmi við meðalmeðlag Tryggingastofnunar ríkisins. Á undanförunum tveimur áratugum hafi færst mjög í vöxt, að í samningum foreldra við skilnað sé kveðið á um tvöfalt eða þrefalt meðlag með börnum aðila. Með sama hætti hafi æ fleiri úrskurðir gengið í dómsmálaráðuneytinu um tvöfalt meðlag, og hafi það einhvern tíma verið aðalregla, að meðlag með börnum við skilnað væri svokallað meðalmeðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins, þá sé það liðin tíð.

Stefnda Hafdis kveður það og fráleitt að halda því fram, að löggjafinn hafi metið þann barnalífeyri, sem ákveðinn er samkvæmt almannatryggingalögum, sem hina eðlilegu viðmiðun í þessum efnunum. Ljóst sé, að barnalífeyrir, sem nefndur er í barnalögum, sé algjört lágmarksmeðlag. Í IV. kafla barnalaga sé dómsmálaráðuneyti fengið úrskurðarvald um ákvörðun framfærslueyris með börnum við skilnað foreldra, ef um hann ríki ágreiningur. Við ákvörðun meðlags beri ráðuneytinu að hafa hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra, sbr. 2.mgr. 15. gr. Enn fremur heldur stefnda Hafdis því fram, að dómsmálaráðuneytið hafi gefið stefnanda kost á að koma sjónarmiðum sínum og rökum varðandi meðlagskröfuna með dætrum þeirra á framfæri. Það hafi hann gert með aðstoð lögmanns síns. Dómsmálaráðuneytið hafi lagt mat á fyrirbyggjandi gögn í málinu, og í því mati hafi ráðuneytið farið að öllu leyti að lögum.

Málsástæður stefnda dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins eru þær sömu og stefndu Hafdisar.

Stefnandi krefst þess, að framkomnum frávisunarkröfum stefndu verði hrundið.

Stefnandi visar í þessu tilliti sérstaklega til 60. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt kveður stefnandi það óeðlilegt, að einstaklingar, er eigi allt sitt undir úrskurðarvaldi stjórnvalda, geti ekki borið úrlausnir þeirra undir dómstóla, og því sé það augljóst, að dómstólar hljóti að geta fjallað um ákvarðanir stjórnvalda að þessu leyti. Máli sinu til stuðnings visar stefnandi til hæstaréttardóms frá 1987, bls. 473, er fjalli um hliðstætt sakarefni.

Forsendur og niðurstaða.

Dómkrafa stefnanda er, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 verði felldur úr gildi.

Stefnandi byggir kröfu sína um ógildingu úrskurðarins á því, að nefndur úrskurður frá 18. júlí 1989 sé efnislega rangur, þ.e. ekki séu forsendur til þess, að stefnandi skuli greiða með börnum sínum tvöfalt meðlag. Stefn-

andi byggir eigi á því, að formgallar hafi verið á meðferð málsins í dómsmálaráðuneytinu. Tilvísun stefnanda til hæstaréttardóms 1987, bls. 473, þykir því ekki eiga við, eins og mál þetta liggur fyrir.

Það málsefni, sem hér er til umfjöllunar, snýst einvörðungu um ákvörðun fjárhæðar meðlags.

Í úrskurði dómsmálaráðuneytisins, sem hér um ræðir, er m.a. byggt á 2. mgr. 15. gr., 22. gr. og 2. mgr. 20. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Í IV. kafla barnalaga er mælt fyrir um það, á hvern hátt skuli fara með deilur, er upp koma varðandi meðlagsskyldu og fjárhæð meðlags. Með 16. gr. er aðilum að deilu um meðlagsskyldu gefinn kostur á að skjóta úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis til úrskurðar. Jafnframt segir í 3. mgr. 16. gr. s.l. i.f.: „Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðar-úrskurður um fjárhæð meðlags.“ Ákvæði 3. mgr. 16. gr. i.f. ber skýrt með sér, að tilgangur löggjafans hefur verið sá að undanskilja ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um fjárhæð meðlags lögsögu dómstóla, og verður að telja, að 60. gr. stjórnarskrárinnar girði ekki fyrir það.

Með vísan til 66. gr. laga nr. 85/1936 verður því fallist á kröfu stefndu Hafðísar Alfreðsdóttur, og stefnda dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytis um, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndu Hafðísi Alfreðsdóttur, kr. 27.761 í málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., ásamt virðisaukaskatti, og greiðist fjárhæð þessi í ríkissjóð. Stefnandi greiði og stefnda dómsmálaráðherra kr. 22.298 í málskostnað.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Valur Blomsterberg, greiði stefnda, dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins, kr. 22.298 í málskostnað. Einnig greiði stefnandi gjafvarnarkostnað stefndu, Hafðísar Alfreðsdóttur, kr. 27.761, þar með talinn virðisaukaskatt, ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu Hafðísar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., kr. 27.761.